

1092 stjórnarfundur VR.

Haldinn miðvikudaginn 24. apríl 2013 kl. 17:30 í Kringlunni 7 2. hæð.

Á fundinn voru boðaðir bæði aðal- og varamenn og mættu allir til fundarins, en stjórn VR er núna þannig skipuð:

Ólafía Björk B. Rafnsdóttir formaður VR, Ásta Rut Jónasdóttir, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir (fór kl. 19:10), Páll Örn Líndal (fór kl. 19:30), Ragnar Þór Ingólfsson (kom kl. 18:10), Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Benedikt Vilhjálmsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Óskar Kristjánsson. Einnig sat Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri VR fundinn.

Nýr formaður VR, Ólafía B. Rafnsdóttir setti fundinn og hvatti til góðs samstarfs í stjórninni. Dagskrá var dreift og stjórnarmenn kynntu sig. Fundargerð síðasta fundar dreift og hún samþykkt.

Verkaskipting stjórnar:

Gengið var til kosninga um hver skyldi verða næsti varaformaður.

Kosið var á milli Fríðar Birnu og Bjarna Þórs og var Bjarni Þór kosinn nýr varaformaður VR.

Gengið var til kosninga um hver skyldi verða nýr ritari stjórnar.

Kosið var á milli Ólafíu Ásu og Sigurðar og var Sigurður endurkjörinn sem ritari stjórnar.

Tilnefning fulltrúa VR í stjórn LIVE:

Formaður lagði fram minnisblað og færði rök fyrir tillögum sínum um fulltrúa VR í stjórn LIVE, bæði aðal og varamenn. (sjá meðf. minnisblað) Einnig var stungið uppá Benedikt Vilhjálmssyni í aðalstjórn. Eftir umræður, þar sem flestir stjórnarmenn tjáðu sig var gengið til kosninga um aðalmenn í stjórn og var tillaga formanns samþykkt. Réttkjörnir aðalmenn í stjórn LIVE eru: Birgir Már Guðmundsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir og Elmar Hallgrímsson. Varamenn voru sjálfkjörnir samkvæmt tillögu formanns en þeir eru Fríður Birna Stefánsdóttir og Páll Örn Líndal.

Vinnufundur stjórnar:

Formaður opnaði umræðu um stefnumótun félagsins og stakk uppá að hefja það ferli með vinnufundi 7. og 8. maí. Stokka spilin alveg uppá nýtt. Ræða um samskiptasamning stjórnar. Hvaða nefndir VR eigi að vera áfram og hverjar ekki? Hvernig viljum við sjá VR eftir 2 ár? Fá til liðs við okkur ráðgjafa frá Capasent. (Sjá minnisblað).Bæði aðal- og varamenn boðaðir til fundarins.

Umræður um þennan lið voru mjög fjörugar og málefnalegar. Almennt voru stjórnarmenn jákvæðir fyrir því að halda svona vinnufund en nokkrir höfðu efasemdir um tímasetninguna og kostnaðinn. Bent var á að hefja þyrfti undirbúning að nýjum kjarasamningi sem allra fyrst og því þyrfti að ræða það mál á vinnufundinum. Einnig að nauðsynlegt væri að fá fleiri starfsmenn VR til að koma á fundinn vegna sérþekkingar þeirra.

Önnur mál:

Dregið um sætaskipan á stjórnarfundum og það nefnt hvort ekki sé rétt að flytja fundina aftur á 0. hæðina vegna þrengsla á 2. hæðni.

Minnt á að kveðja þá stjórnarmenn sem nú láta af stjórnarstörfum fyrir félagið. Rætt var um verkalýðsdaginn, 1. maí. Kröfugönguna og kaffisamsætið í Hörpu. Margir stjórnarmenn hvöttu til þátttöku í göngunni.

Óskað var eftir fundadagskrá stjórnar, símaskrá og netfangaskrá stjórnarmanna. Spurt var um aukagreiðslur framkvæmdastjóra LIVE í séreignarsjóð. Þeir sem kosnir voru til trúnaðarstarfa fyrir félagið á fundinum, þökkuðu traustið, aðrir óskuðu þeim til hamingju sem höfðu náð kjöri.

Kl. 20:30 sleit formaður fundi með þeim orðum að hún óskaði eftir því að heyra meira og betur frá stjórnarmönnum.

SS ritaði fundargerð.